

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

### **UMSÖGN um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál.**

Íslenska ICOMOS nefndin var stofnuð árið 1999 og er aðili að ICOMOS - International Council on Monuments and Sites, sem eru alþjóðleg frjáls félagasamtök, er vinna að verndun og viðhaldi menningarminja og umhverfis þeirra. ICOMOS er UNESCO -Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og heimsminjanefnd UNESCO til ráðgjafar um verndun menningarminja. (sjá vef ICOMOS <http://www.icomos.org> . Markmið íslensku ICOMOS nefndarinnar samkvæmt 2. gr. samþykktar hennar er að stuðla „að umræðum um menningarminjar og miðlun upplýsinga um þær innan lands og utan. Nefndin fjallar um grundvallarákvarðanir um meðferð menningarminja, lögfræðilegs- og tæknilegs eðlis, og um stjórnábyrgð umönnun þeirra.“

Stjórn Íslensku ICOMOS nefndarinnar hefur kynnt sér frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, sem nú liggur fyrir Alþingi og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Þekkt er frá nágrannalöndum Íslands að minjasvæði og hverfi í borgum og bæjum hafa stöðu sem söguleg verndarsvæði (conservation area/historic district). Með því er lögð áhersla á gildi menningarsögulegs umhverfis fyrir einstaklinga og samfélög og leitast við að tryggja að slík svæði hljóti þá umhirðu og umhyggju sem þarf til að gildi þeirra verði viðhaldið. Þau hafa víða átt þátt í því að styrkja borgir og bæi bæði efnahags- og félagslega og ennfremur er það almenn reynsla að þau hafa mikið aðdráttarafli fyrir bæði heimamenn og gesti þeirra.

#### **Markmið**

Fram kemur í 1. grein frumvarpsins að markmið laganna sé að „stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi“. Enn fremur segir í 2. grein að lögin nái til svæða „sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis.“

Stjórn íslensku ICOMOS nefndarinnar tekur undir markmið frumvarpsins sem er að stuðla að verndun og varðveislu sögulegrar byggðar. Brýnt er að tryggja vernd og varðveislu byggðar sem hefur menningarsögulegt gildi. Um leið og því er fagnað að ætlunin er að styrkja og styðja við verndun menningarsögulegrar byggðar þá vekur frumvarp um verndarsvæði í byggð spurningar um á hvaða hátt frumvarpið skarist við lög sem þegar eru í gildi um verndun menningarminja og skipulagsgerð. (nr. 80/2012 og skipulagslög, nr. 123/2010).

#### **Hverfisvernd og húsakannanir**

Nauðsynlegt er að tryggja að lagaákvæði sem eru í gildi samkvæmt gildandi lögum og hafa reynst vel falli ekki niður við gildistöku nýju laganna eins og ákvæði um gerð húsakannanir þegar eldri byggð er skipulögð.

Í 12. gr. frumvarpsins kemur fram að ef það verður að lögum muni 6. málsgrein 37. gr. skipulagslaga falla niður, en hún kveður á um að:

*„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála. Reglur um málsmeðferð deiliskipulags gilda um hverfisskipulag eftir því sem við á.“*

Þetta ákvæði skipulagslaga um skyldu til að láta gera húsakannanir við deiliskipulagsgerð í þegar byggðum hverfum hefur mikla þýðingu fyrir varðveislu sögulegrar byggðar, því í þeim er lagt mat á varðveislugildi einstakra byggina, svæða og hverfa. Húsakannanir gegna því veigamiklu hlutverki við að skrá og meta varðveislugildi sögulegrar byggðar og þær hafa átt drjúgan þátt í að skapa skilning á gildi gamalla mannvirkja, bæja og hverfa í þeim sveitarfélögum þar sem þær hafa verið gerðar. Í 5. gr. frumvarpsins er húsakannana getið meðal þeirra sem líta skal til ef til eru“ við mat á varðveislugildi svæða í byggð. Þar er ekki kveðið á um ótvíræða skyldu til að láta láta gera húsakannanir þegar unnið er að því að koma á verndarsvæði í byggð. Með því að fella burt ákvæði 37. gr. skipulagslaga skapast hætta á að húsakannanir verði ekki unnar sem hluti af verkferli við mat á varðveislugildi byggðar þegar unnið verður að því að skilgreina verndarsvæði og væri það mikil afturför.

### **Hlutverk Minjastofnunar.**

Eins og kemur fram þegar í 1. grein frumvarpsins er Minjastofnun ætlað að sinna verkefnum fyrir ráðherra með því að hann fengi heimild til að leggja fram tillögu og taka ákvörðun um að koma á verndarsvæðum í byggð. Með lögnum er Minjastofnun ætlað aukið hlutverk, því auk vinnu að tillögugerð fyrir ráðherra skal stofnunin vera sveitastjórnun til ráðgjafar um mat á varðveislugildi byggðar (5. gr.) og veita umsagnir um tillögur sveitastjórna kjósi þær að setja frekari samþykktir um verndarsvæði í byggð en ráðherra hefur ákveðið. (7. gr.). Það er því ljóst að þetta mun auka á verkefni Minjastofnunar sem eru ærin fyrir. Þetta er viðurkennt í umsögn Fjármála- og efnahagsráðuneytis (fylgiskjal II) en þó er tekið þar fram að ekki er „gert ráð fyrir að fjölga þurfi ársstöfum hjá stofnuninni“. Lýst er furðu á þessu óraunhæfa mati og því ábyrgðarleysi sem það er að auka við verkefni stofnana án þess að þeim verði gert kleyft að sinna þeim vegna þess að ekki fylgja fjárveitingar auknum lagaskyldum.

### **Samráð við íbúa.**

Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um samráð við eða þátttöku íbúa eða samtaka þeirra við að vinna að því að koma á verndarsvæðum í byggð. Það hlýtur að teljast alvarleg yfirsjón því að það er mikilvægt að íbúar fái tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum og skoðunum sem snerta eigið umhverfi, enda búa þeir oft yfir mikilli þekkingu á sögu og menningu sinnar heimabyggðar. Það er reynsla víða að frumkvæði íbúa og þátttaka í mótun umhverfis síns á stóran þátt í því að samstaða og sátt skapist um ákvarðanir sem geta að mati einhverra verið takamarkandi fyrir íbúa. Þar hvílir sú skylda á stjórnvöldum að tryggja lýðræðisleg vinnubrögð með því að veita almenningi aðgang að ákvörðunartöku um málefni sem snerta nánasta umhverfi fólks.

Stjórn Íslensku ICOMOS nefndarinnar fagnar því meginmarkmiði frumvarpsins að „stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulega byggð.“ Það er í samræmi við þau markmið sem samtökin vinna að á alþjóðavísu. Mikilvægt er að skoða betur með hvaða hætti verði best unnið að því að ná þessum markmiðum og þess vegna þarf að leggja áherslu á að ferlið við að skilgreina og tilnefna vendarsvæði í byggð verði ekki gert of flókið og að það verði í samræmi við gildandi lagaákvæði um verndun menningarminja. Verði frumvarpið að lögum þá geta þrír aðilar komið að því að gera tillögu um að koma á vendarsvæðum í byggð; ráðherra, Minjastofnun og sveitastjórnir og því geta hagsmunir og áherslur skarast eða stangast á. Það er því lykilatrið að tryggja að eining sé um þá tillögu að verklagi sem frumvarpið felur í sér svo samstarf þeirra að því verkefni koma verði sem best. Því er nauðsynlegt að móta í upphafi verkferla svo ábyrgð allra þeirra sem koma að verkefnum verði skýr og skilgreina verksvið Minjastofnunar og annarra fagaðila í því ferli nánar, svo ekki verði hætta á að mikilvæg verkefni verði ekki unnin. Lagt er til að áður en lengra er haldið verði unnið að því að koma á samstarfi þessar aðila þar sem verksvið og verkefni hvers verði skilgreind og í slíkri vinnu eiga fyrst og fremst fagleg sjónarmið að ráða.

F.h. Stjórnar Íslensku ICOMOS nefndarinnar

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður